XV. E R F Ð A F E S T U B R É F.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps gjörir kunnugt með bréfi þessu :

Með fundarsamþykkt hreppsnefndar hinn 28. apríl 1931 er herra smið Kristjáni Ingólfi Sigtryggssyni Ingólfsfelli Sauðárkróki seld á erfðafestu til ræktunar landspilda í Sauðárlandi ,sem lýst er í tölulið 1. hér á eftir, með eftirgreindum nánari skilyrðum:

1. Hið umgetna erfðafestuland er að flatarmáli 1.6 hekt. og er merkt eins og bréf þetta nr. XV á uppdrætti Sauðárlands, sem er í vörzlum hreppsnefndar og liggur það í ræktunarsvæði sveitarfélagsins í Sauðármýri í svokölluðu „Miðbelti“.

   Er það metið af hreppsnefnd á kr. 570.00

2. Landið er selt á erfðafestu til ræktunar en ekki til byggingar, svarðartekju ,grjótnáms eða annara afnota ,án sérstaks leyfis hreppsnefndar.

3. Erfðafestuhafi skal hafa girt landið traustri, gripheldri girðingu í samráði við hreppsnefnd ,áður en ár er liðið, frá því honum var tilkynnt ,að landið væri honum selt til ræktunar, ella fellur landið endurgjaldslaust til hreppsins aftur .

4. Úr því fullt ár er liðið frá téðri tilkynningu skal erfðafestuhafi á ári hverju rækta upp eigi minna en 1/10, svo það sé fullræktað á næstu 10 árum ,eftir að það var fullgirt . Að öðrum kosti fellur landið til hreppsins aftur án endurgjalds ,nema ef hreppsnefnd kýs heldur ,þá getur hún hækkað erfðafestugjaldið um 100 %, þar til ræktunarkröfunum er fullnægt.

5. Sé girðingum ekki viðhaldið ,eða ef erfðafestulandið gengur úr sér að rækt ,svo til fullrar óræktar horfir, hvorutveggja eftir mati tveggja óvilhallra dómkveddra manna ,fellur landið aftur til hreppsins endurgjaldslaust, og er þá erfðafestuhafa skylt að taka burtu girðingar og önnur mannvirki, sem á landinu kunna að vera ,innan þess frests er hreppsnefnd setur.

6. Til næsta nýárs, eftir að afhending erfðafestulandsins hefir farið fram eða erfðafestusalan samþykkt og bréf útgefið, greiðist ekkert erfðafestugjald .En síðan skal erfðafestuhafi greiða 5% af ofangreindu matsverði kr. 28.50 á ári í næstu 75 ár .Að leigutímanum liðnum fellur landið aftur til hreppsins án endurgjalds , nema leigutaki vilji endurnýja leiguna til 10 ára í senn, gegn því að greiða 4% af þágildandi

matsverði landsins. Árgjaldið greiðist fyrir 1. okt. ár hvert. Í fyrsta sinn 1.okt.1932 , og er tryggt með forgangsveðrétti í eigninni á undan öllum öðrum veðskuldum.

7. Hvenær sem hreppurinn þarfnast erfðafestulandsins fyrir sig ,svo sem undir vegi, byggingarlóðir og svo frv., eða hreppsnefnd vill láta landið af hendi til byggingarlóða handa einstökum mönnum, er erfðafestuhafa skylt að láta afhendi erfðafesturétt sinn, hvort heldur er af öllu landinu eða nokkrum hluta þess , gegn því matsverði, sem ákveðið er með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Þó greiðist ekki meira en 10 aurar fyrir hvern fermetra í fullræktuðu landi . Nú eru byggingar, girðingar eða önnur slík mannvirki á því landi , er hreppsnefnd krefst sér afhent. Skal þá greiða eiganda andvirðið , einnig eftir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.

8. Heimilt er hreppsnefnd að leggja skólpræsi, rafveitutaugar og annað slíkt um erfðafestulandið endurgjaldslaust, enda sé landinu eigi spillt með þessu.

9. Vilji erfðafestuhafi selja erfðafesturétt sinn að nokkru eða öllu leyti hefir hreppurinn forkaupsrétt . Ber honum því að tilkynna hreppsnefnd söluna , áður en fullgjörð er.

10. Með þessum takmörkunum er erfðafestuhafa heimilt að selja erfðafesturétt sinn , veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan löglegan hátt .

11. Erfðafestuhafi greiðir alla skatta og gjöld er lagðir kunna að verða á erfðafestulandið sem gjaldstofn.

12. Skylt er erfðafestuhafa að láta þinglesa þetta erfðafestubréf á sinn kostnað á næsta manntalsþingi, eftir að hann hefir öðlast það . Að öðrum kosti lætur hreppsnefnd afhenda það til þinglesturs á kostnað hans .

Í hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps

Sauðárkróki hinn 1. dag maí mánaðar 1932

Fyrir hönd hreppsnefndar
og í umboði hennar

Jón Þ. Björnsson
oddviti

Nr. 65'06.

Móttekið til þinglýsingar í Sauðárkróks-hreppi 30. júní 1932 kl. 5 síðdegis.

| | | |
|---|---|---|
| Gjald greitt: | Þinglestur kr. 3.00<br>Stimpill — 5.70<br>Samtals: kr. 8.70 | = Átta krónur 70 aurar. — |

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu
D. u. s.
[signature]



# Jarðabótaáætlun

á erfðafestulandi herra smiðs Kristjáns Ingólfs Sigtryggssonar Ingólfsfelli; Sauðárkróki

Erfðafestulandið er 1.6 ha að stærð og merkt nr XV á uppdrætti Sauðárlands og liggur það í ræktunarsvæði sveitarfélagsins í Sauðármýri í svokölluðu „Miðbelti“:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Nýrækt, sáðslétta 1.6 ha<br>Halllend mýri vel fallin til ræktunar. | Dagsverk | 400.0 |
| 2. | Framræsluskurðir 240 m³ | " | 60.0 |
| 3. | Hnausræsi 720 m | " | 40.0 |
| 4. | Vírnets girðing með streng yfir 600 m | " | 150.0 |
| 5. | Safnþró, steypt með járnþaki ~~80~~ 18 m³ | " | 72.0 |
| | | Dagsverk alls | 722.0 |

= sjöhundruð tuttugu og tvö = dagsverk.

Landið er ágætlega fallið til ræktunar.

St. Sauðárkróki 17. maí 1932

Sigfús Helgason
(Trúnaðarmaður Bún. Íslands)

# Umboð:

Jeg undirritaður gef hjermeð herra Árna J. Hafstað bónda að Vík í Skagafirði fullkomið umboð til að selja fyrir mína hönd erfðafestuland mitt í Sauðármýrum sem er merkt á uppdrætti uppdrætti ræktunarlands Kauptúnsins Sauðárkróks sem nr XV. Skal það er hann gerir í þessu efni jafn gilt og jeg hefði það sjálfur gert.

Reykjavík, 27. jan. 1946

Pjetur V. Snæland

Vitundarvottar

Sigríður Bergmann

Sigríður Hafstað.